

Alþingi
Erindi nr. P 126/1206
komudagur 6.2.2001

Menntamálarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Félag íslenskra safnmanna fagnar því að verið sé að vinna í gerð safnalaga. Félagið hefur eftirfarandi athugasemdir og hugleiðingar um frumvarpið fram að færa.

1. Í 1. kafla, 2. grein er rætt um safnráð. Ítrekað er að í stað eins fulltrúa Félags íslenskra safnmanna í safnaráð verði tveir. Í félagi íslenskra safnmanna eru fulltrúar úr röðum flestra safna þmt. minja- og listasafna. Félagið á auðvelt með að velja úr röðum félagsmanna frá báðum safnasviðunum. Þá þarf í lögnum að skýra betur hvernig tengslum safnráðs við söfnin verði háttáð.
2. Í 2. kafla, 4. grein vantar að tekið sé fram að safn sé ekki rekið í gróðaskyni (non-profitable).
3. Í 2. kafla, 5. grein er nauðsynlegt að skýra betur tengsl höfuðsafna og annarra safna svo sem byggðasafna, listasafna og sérsafna, þannig að það ljóst sé hvað felist í „skulu vera öðrum söfnum til ráðgjafar“
4. Í 2. kafla, 6. grein segir: „Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja“. Eðlilegra væri að setja söfn í stað höfuðsafna, þar sem sama regla ætti að gilda um öll söfn sem njóta opinberra styrkja.
5. Skilgreina þarf betur hlutverk byggðasafna og sérsafna og reglugerð þarf um starfsemi þeirra. Eðlilegt er að byggðasöfnin fái aukið vægi í minjavörslunni.
6. Að lokum er það afar brýnt að skilgreint verði betur samband og samskipti ríkis og sveitafélaga í þessum efnunum.



Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Formaður Félags íslenskra safnmanna